

Fundargerð aðalfundar Þroskapjálfafélags Íslands

Miðvikudaginn 14.05.2025 kl.16:30 var aðalfundur Þroskapjálfafélags Íslands haldinn í

Borgartúni 27, 2. hæð, 105 Reykjavík

1. Fundur settur: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður ÞÍ setti fundinn og bauð alla fundargesti velkomna, bæði í streymi og á fundarstað. Hún sagði stuttlega frá hvaða stéttarfélög eru með skrifstofur auk Þroskapjálfafélags Íslands í Borgartúni 27 og að öll aðalfundargögn væru á heimasíðu félagsins auk skýrslu stjórnar. Einnig kom fram í máli Laufeyjar að í ár fagnaði félagið 60 ára afmæli en það var stofnað 18. maí 1965 á heimili Kristjónu Sigurðardóttur þroskapjálfa. Laufey lagði til að eftirfarandi aðilar yrðu kosnir starfsmenn fundarins.

Gerður Pálsdóttir, fundastjóri.

Steinunn Jónsdóttir og Herdís Hersteinsdóttir, fundarritarar.

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt af öllum fundarmönnum.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram: Formaður ÞÍ kynnti skýrslu stjórnar sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Farið var yfir hverjir skipuðu stjórn ÞÍ, ráð, nefndir, sjóði og annað tengt starfi félagsins. Sagt var frá hlutverki skrifstofu ÞÍ og ýmis verkefni sem stjórn og starfsmenn félagsins hafa sinnt á árinu. Kynnt var hverjir sátu í nefndum, ráðum og Vísindasjóði ÞÍ og hverjir skipa trúnaðarmannaráð ÞÍ. Fram kom í máli Laufeyjar að skipuð var afmælisnefnd vegna 60 ára afmælis félagsins sem hefur haft veg og vanda að skipulagningu viðburða á afmælisárinu. Einnig þakkaði Laufey frábærum hópi þroskapjálfa sem hafa setið í nefndum og ráðum félagsins á starfsárinu og minntist í því sambandi til dæmis á hlutverk fagráðsins sem hefur skipulagt málþing og fræðsludaga félagsins. Fram kom í máli Laufeyjar að þó að Laganefnd leggi ekki fyrir lagabreytingar á þessum aðalfundi þá hefur nefndin verið að rýna í ýmislegt á starfsárinu tengt orðalagi í lögum félagsins þannig að þau séu meira inngildandi. Sú nýbreytni hefur verið hjá Siðanefnd að vera með kynningu á siðareglu mánaðarins á heimasíðu félagsins. Vantað hefur einstaklinga í trúnaðarmannaráð og lagði Laufey áherslu á mikilvægi þess að manna ráðið og efla trúnaðarmenn í störfum sínum á vettvangi um land allt. Í skýrslu stjórnar er fjallað um kjarasamninga ÞÍ sem undirritaðir voru í desember 2024 og janúar við aðalviðsemjendur félagsins. Greint var frá því að mikilvæg samstarfsnefndarfundargerð sem gerð var samhliða kjarasamningi um þörun starfa í leik- og grunnskólum náðist gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna munar á starfsmatsstigum milli Reykjavíkurborgar og Sambandsins á sambærilegum störfum. Anna Lilja var fengin á aðalfundi til að koma og segja

nánar vinnu þörunina. Kom þar fram að Verkefnastofa starfsmats var fengin til að fara yfir störf þroskapjálfa og staðfesti að fólk er að starfa með svipuðum hætti í Reykjavíkurborg og hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Línurnar verði því eins. Fram kom hjá Önnu Lilju að beðið sé rafrænnar undirritunar um starfsmatslínurnar og nánari upplýsingar verði síðan sendar út til allra þroskapjálfa í skólakerfinu í framhaldinu. Laufey greindi svo frá því að verið sé að vinna að samningi við SA. Það er krafa ÞÍ að fá inn í þann samning merki markaðarins, sem sagt föstu hækkanirnar, en þar er ÞÍ með öðrum að semja við SA. Vel heppnaðir Fræðsludagar ÞÍ voru haldnir í Hveragerði og Laufey minntist á að þrátt fyrir áskoranir tengdum veðurfari hafi fjöldi þroskapjálfa ekki látið sig vanta. Mikil ánægja hafi verið með fræðsludagana, fyrirlestra og þá stefnumótunarvinnu sem fram fór þar. Laufey greindi frá því að mikið efni hafi orðið til sem gott væri að vinna áfram með í ýmsum faghópum þroskapjálfa, en ekki síður væri þar efni sem nýttist ráðherrum þar sem þroskapjálfar hafa einstaka innsýn og reynslu af ólíkum þáttum kerfisins. Fagráð og stjórn ÞÍ hafa nú þegar fundað um afurð stefnumótunarvinnunnar og hvernig henni verði fram haldið. Fjölbreytt vinna hefur átt sér stað í tengslum við 60 ára afmælisárið og meðal annars var í skýrslu stjórnar komið inn á hlaðvarpið „Þroskapjálfinn“ en Auður Björk Kvaran hlaðvarpsstjóri hefur leitt hópinn. Tvö hlaðvörp eru komin út nú þegar en mikið er af fólki sem gott væri að eiga samtál við. Tekin voru viðtöl við tvo af stofnendum Þroskapjálfafélagsins og til eru 8 tímar af efni en mikilvægt er að halda sögunni á lofti. [Þroskapjálfinn](#), nýtt tölublað af fagblaði Þroskapjálfafélags Íslands, var sett á vefinn á aðalfundardegi. Um er að ræða mjög veigamikið afmælisrit og er það hátt í 80 blaðsíður. Sjálfur afmælisdagur félagsins er 18. maí, en þá er hátt í 180 manna hópur, að mestu leyti þroskapjálfar á leið á alheimsráðstefnu þroskapjálfa í Kaupmannahöfn. Blásið verður svo til málþings og veislu á alþjóðlegum degi þroskapjálfa í haust sem auglýst verður sérstaklega. ÞÍ hefur átt í ýmsu erlendu samstarfi en einnig kom beiðni um að alheimsráðstefna þroskapjálfa verði haldin á Íslandi árið 2029 og var sú beiðni samþykkt af stjórn ÞÍ. Mun ráðstefnan verða haldin í Hörpu árið 2029. Fundarmenn aðalfundar fögnuðu þessu vel.

Fleira tengt alþjóðlegu samstarfi var kynnt á aðalfundinum, meðal annars þátttaka ÞÍ í fjarfundi sem formenn þroskapjálfa í Danmörku, Færeyjum, Noregi og Íslandi buðu til samtals um hvernig sameiginleg norræn hæfniviðmið fyrir þroskapjálfa eru. Það er orðinn árlegur viðburður að ÞÍ taki á móti útskriftarhópi þroskapjálfanema með BA próf í þroskapjálfafræðum ásamt Þroskahjálpeni í móttökunni er veitt viðurkenning Þroskahjálpar fyrir lokaverkefni til B.A. gráðu í þroskapjálfræði við Menntavísindasvið HÍ. Félagið hefur látið sig varða ýmis samfélagsleg málefni og sendi félagið frá sér ásamt öðrum stéttarfélögum yfirlýsingu er snéri að brottvísun drengs úr landi með hrörnunarsjúkdóm, áskorun

um að standa vörð um mikilvæga þjónustu fyrir ungt fólk sem glímir við margvíslegar áskoranir. Félagið sendi inn umsagnir til Alþingis um ýmis mál. Laufey benti á í lokin að hægt væri að lesa skýrslur gjaldkera, trúnaðarmannaráðs, nefnda og ráða félagsins í rafrænni skýrslu stjórnar en þar sé einnig að finna starfsáætlun þí og umfjöllun um erlent samstarf. Óskað var eftir spurningum úr sal og af neti tengdum skýrslu stjórnar en engar bárust.

3. Skýrsla gjaldkera: Gjaldkeri þí, Jóhanna Lilja lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerði grein fyrir fjárhag. Farið var yfir [ársreikning þí](#), [ársreikning Kjaradeilusjóðs þí](#) og [ársreikning Vísindasjóðs þí](#). Jóhanna Lilja vakti athygli félagsmanna á [Fag- og fræðslusjóði þroskaþjálfra](#) sem ætlaður er til rannsókna og þróunarstarfa félagsmanna. Ekki hafa borist umsóknir í sjóðinn í nokkur ár og hvatti hún þroskaþjálfra til að sækja um í sjóðinn. Í máli Jóhönnu Lilju kom fram að mikilvægt sé að hafa ákveðnar upphæðir í Kjaradeilusjóði þroskaþjálfra sem hægt sé að nýta þegar þörf krefur en lagt er inn árlega í sjóðinn. Ýmsar upplýsingar um félagið voru kynntar. Meðal þeirra var það að félagið á hlut í húsfélagi Borgartúns 6 og er húsnæðiskostnaður þetta rekstrarár meira þar sem félagið er flutt í Borgartún 27 og greidd hefur verið húsaleiga í fullt ár þar. Það verður kynnt nánar í liðnum fjárhagsáætlun. Ein spurning barst úr sal varðandi launakostnað starfsmanna félagsins sem hækkar lítið á sama tíma sem þóknun stjórnar hækkar 30% milli ára. Fram kom í svari að inni í þeirri tölu er greiðsla fyrir samninganefndir og hækkun launa í samræmi við BHM. Reikningarnir voru hver í sínu lagi lagðir fyrir til samþykktar á fundi bæði í sal og á neti, enginn var á móti og teljast reikningarnir allir samþykktir.
4. Kosning í stjórn, nefndir og ráð: Ragnhildur Þórarinsdóttir kynnti [tillögur nefndarinnar í stjórn, ráð og nefndir](#). Tvö framboð voru í hlutverk varaformanns og var kosið rafrænt á milli Auðar Bjarkar H. Kvaran og Jóhönnu Lilju Ólafsdóttur. Niðurstaða kosningar var að Jóhanna Lilja Ólafsdóttir er kjörin varaformaður með 58,89% greiddra atkvæða. Aðrir sem voru kosnir sem meðstjórnendur í stjórn þí eru Auður Björk H. Kvaran og Þórdís Adda Haraldsdóttir. Í *útgáfuráð* gáfu Trausti Júlíusson, Venný Hönnudóttir og Valborg Helgadóttir kost á sér til starfa fyrir útgáfuráð fyrir tímabilið 2025-2027. Uppstilling kjörnefndar var samþykkt með lófaklappi í sal og á neti. Í *fagráð* gáfu Sara Hlín Liljudóttir og Birgitta Elín Helgadóttir kost á sér til starfa fyrir fagráð fyrir tímabilið 2025-2027. Uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi í sal og á neti. Í *laganefnd* buðu Damian Marek Idzikowski, Guðlaug Valgeirsdóttir og Katrín Eyjólfsdóttir sig fram til starfa fyrir nefndina fyrir tímabilið 2025-2027. Uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi í sal og á neti.

Í *kjörnefnd* buðu þær Stefanía Smáradóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir og Álfheiður Hafsteinsdóttir sig fram til starfa fyrir nefndina fyrir tímabilið 2025-2027. Engin mótframboð voru og var uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi í sal og á neti.

Í ár var í fyrsta sinn sem rafræn kosning fór fram um embætti innan félagsins. Farið var yfir framkvæmd kosningar en lögmaður BHM hélt utan um rafrænu kosninguna og fékk Ragnhildur Þórarinsdóttir afhent á fundinum innsiglað umslag með niðurstöðum kosningar. Fram kom í máli Ragnhildar að 33% þátttaka hafi verið í kosningu til varaformanns. Fjöldi með þáttökurétt í kosningunni voru 900 en 297 þroskaþjálfar nýttu kosningaréttinn. Niðurstöður voru þannig að Jóhanna Lilja var kosin með 59% atkvæða en Auður Björk fer sjálfkrafa inn í stjórn ÞÍ. Fram kom spurning úr sal um prósentuhlutfall þeirra sem kusu og var það 33% þátttaka. Fram kom í svari Önnu Lilju framkvæmdastjóra ÞÍ að í ljós hafi komið vankantar á lögum félagsins með tilkomu rafrænna kosninga en túlka þurfti lögin eins og þau eru núna fyrir þessar kosningar. Kjörskrá samanstendur af aðilum í stéttarfélaginu, þeim sem hafa fagaðild og þeim sem komnir eru á lífeyri miðað við núverandi lög. Áður var alltaf kosið beint á aðalfundi og þeir sem eru með fagaðild eða hættir störfum eru almennt ekki að hafa mikil áhrif á störf innan félagsins. Mikilvægt er fyrir laganefnd að skoða hverjir hafi kosningarétt en slíkt kallar á lagabreytingu á aðalfundi.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga var borin upp. Þær Sigríður Rut Hilmarsdóttir, og Fanney Sumarliðadóttir gefa kost á sér framhaldandi starfa fyrir tímabilið 2025-2026. Var tillagan samþykkt með lófaklappi í sal og á neti.

Formaður tilkynnti fulltrúa í siðanefnd félagsins, Árni Viðar Þórarinsson

5. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og félagsgjöld ákveðin: Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ kynnti [fjárhagsáætlun](#) ÞÍ fyrir næsta starfsár. Vakti hún athygli á því að þetta er 60 ára afmælisár og fyrirsjáanlegt að útgjöld væru meiri þetta árið tengt afmælinu. Félagið hafi verið rekið með hagnaði og ætlunin væri að nýta 5 milljón króna afgang frá síðasta rekstarári upp í kostnað vegna afmælisársins. Í áætluninni er gert ráð fyrir að félagsgjöld séu 0,95% af heildarlaunum og að fagfélagsgjöld verði 16.000 krónur. Gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætluninni að stéttarfélagsgjöld verða rúmar 71,5 milljónir og tekjur af fræðsludögum séu 6 milljónir. Sótt er um í Starfsþróunarsetur háskólamanna fyrir Fræðsludögunum en ekki ljóst hvað fæst styrkt. Ljóst sé þó að þeir verði að hluta styrktir. Anna Lilja fór yfir aðra þætti í fjárhagsáætlun og skýrði þar meðal annars frá að launagreiðslur séu fyrir tvo starfsmenn félagsins en einnig ritstjóra blaðs þroskaþjálfra. Launatengd gjöld eru í samræmi við það sem BHM greiðir fyrir sitt starfsfólk og því ekki ákveðin af stjórn ÞÍ sjálfri. Fram kom að kostnaður vegna

Borgartúns 6 sé núna 687.00 krónur. Varðandi framlag í kjaradeilusjóð í fjárhagsáætlun þá óskaði Anna Lilja eftir því að ef hagnaður yrði af afmælisárinu þá gæfu fundarmenn leyfi fyrir því að hann yrði lagður inn á kjaradeilusjóð í lok ársins líkt og gert var á síðasta starfsári. Þá var hagnaðurinn 1.500.000 krónur. Nýr leigusamningur verður gerður fyrir Borgartún 27 á þessu ári.

Fjárhagsáætlunin í heild sinni gerir ráð fyrir tæplega 4.000.000 krónum í mínus en þar er ekki gert ráð fyrir vaxtatekjum þessa árs. Á síðasta starfsári voru vaxtatekjur félagsins hærrí þannig að líklegt er að rekstrarafgangur verði líkt og síðustu ár. Óskað var eftir spurningum úr sal og á neti. Fram kom spurning um skrifstofuhúsnæðið í Borgartúni 6. Fram kom í svari að búið sé að gera við skemmdirnar í húsnæðinu en fáir gátu verið í húsnæðinu. Húsnæðið sé nú í söluferli og það er von stjórnar að þetta sé síðasta árið sem greiða þurfi af Borgartúni 5.

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði áfram 0,95% af heildarlaunum og fagfélagsgjöldin 16.000 krónur. Fundarstjóri bar upp félagsgjöld þí og voru þau samþykkt af fundarmönnum í sal og á neti. Enginn á móti.

6. Önnur mál: Formaður félagsins Laufey E. Gissurardóttir tók til máls og nefndi að margir hafi skoðað húsnæðið í Borgartúni 5. Jafnvel sé mögulegt að þar yrði tónlistarskóli. Í tilefni 60 ára afmælis væru veitingar í boði að loknum aðalfundi ásamt því sem hljómsveitin Eva spilaði nokkur lög. Stutt væri orðið í Alheimsráðstefnu þroskaþjálfara í Danmörku og margir að undirbúa sig fyrir ferðina. Hún bar fundarmönnum góðar kveðjur frá starfsmanni ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Laufey vildi í lok fundar einnig þakka þeim aðilum sem væru að hætta í stjórn. Alltaf sé eftirsjá af þeim sem hætta en bauð einnig nýja meðlimi í störfum á vegum félagsins hjartanlega velkomna. Laufey þakkaði einnig þeim sem sátu aðalfundinn, frábær þátttaka hafi verið á fundinum bæði í sal og á neti sem og þeim sem tóku þátt í kjöri um varaformann, rétt innan við 300 manns. Fram kom hjá Laufeyju að fólk sem starfaði hjá öðrum stéttarfélögum á hæðinni tæki vel eftir hversu félagsmenn eru virkir þátttakendur í málum sem snert félagið og þí væri alltaf með hæstu þátttöku í kosningum um kjarasamninga. Hún tiltók að mikilvægt væri að félagsfólk léti í sér heyra og taki þátt í störfum á vegum félagsins.

60. aðalfundi þí slitið klukkan 17:50